ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST !

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

málgagn EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX - LENÍNISTA)

4-5tbl.1.árg.
1975

NÝ VINNULÖGGJÖF AUÐVALDSINS Í UNDIRBÚNINGI

Á undanförnum mánuðum hafa fjölmiðlar borgarastéttarinnar lagt þunga áherslu á nauðsyn þess að núverandi vinnulöggjöf verði endurskoðuð. Það sem einkennir skrif borgarastéttarinnar,öðru fremur, er hin föðurlega umhyggja þeirra fyrir landi og þjóð. Yfirbragð skrifanna minnir á strangan og alvarlegan föður, sem áminnir börn sín um að breyta rétt. Börnin eru hinir svonefndu "aðilar vinnumarkaðarins",sem eftir skrifunum að dæma,hafa ekki gert annað í 37 ár en að rífast og slást og þar með stefnt hinum heilaga fjölskyldufriði hvað eftir annað í hættu og nú sé kominn tími til að þau verði að mönnum og hætti öllum látum. Einkum eru það þau börn,sem kallast "launþegasamtök",sem verða að taka sig í hnakkadrambið og hætta látunum.

Skrif af þessu tagi eru eitt af sterkustu vopnum borgarastéttarinnar til að viðhalda ríkjandi þjóðskipulagi,þjóðskipulagi sem grundvallast á því að fámenn stétt getur arðrænt og kúgað alþýðu landsins. Öll miða þessi skrif að því ,að fá vinnandi alþýðu til að trúa að hún beri fyrst og fremst ábyrgð á velferð þjóðarinnar og verði þar af leiðandi að hlýða í einu og öllu ábendingum og útreikningum "vísindalegra" stofnana ríkisvaldsins, sem fjalla um efnahag þjóðarbúsins.

Takmarkið er:

1. Kjarasamningar gildi hverju sinni um langan tíma.(Ekki þarf að fjölyrða um hvað það þýðir í reynd í óðaverðbólgunni.)

(framh. bls. 11)

ÍSLAND ÚR NATO — HERINN BURT !

Margir upphafsmenn síðustu herstöðvasamtaka (HS) hafa nú boðað til ráðstefnu um baráttuna gegn bandarískri hersetu hérlendis, 11-12 okt.n.k. Okkur grunar að nú eigi að renna í sama farið og áður. Láta aðeins kröfuna HERINN BURT á oddinn,takmarka starfið við stuðning þingflokka og "vinstri"stjórn. Jafnvel sættast á svikalausn af þeirri tegund sem síðasta "vinstri"stjórn undirbjó. Skipulagið gæti orðið sama þunglamalega "hópakerfi" með sambræddum "moðhóp" og óvirkum fjölda.

EIK(m-l) mun því setja fram og styðja af alefli hugmyndir um að smíða liðsmannasamtök með lýðræðislega kosinni stjórn er tekur upp fjöldabaráttu fyrir kröfunni: Ísland úr NATO - herinn burt.

HERSTÖÐVA BARÁTTAN

Barátta fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu á hausti komanda gæti leyst fjöldaafl úr læðingi og tryggt fyrsta skref til sigurs. Kröfur "vinstri" róttæklinga á borð við trotskista Fylkingarinnar um að "tengsl herstöðvabaráttunnar við heimsbyltingu, sósíalisma o.fl." verði tekin upp í slíkum samtökum eða að trotskistar hafi frelsi til að bera fram sjálfstæðar kröfur í aðgerðum,stimplum við sem fjandsamlegar baráttunni.

EIK(m-l) mun berjast gegn sérhverri tilraun Alþýðubandalagsbrodda og stéttasamvinnufólks til að afvegaleiða herstöðvabaráttuna með slíkum stefnuatriðum,sem að ofan er lýst. Á Íslandi er mikill fjöldi herstöðvaandstæðinga sem vill breiða baráttusamfylkingu,er starfar fyrst og fremst með utanþingsbaráttu að markmiði.

Þetta fólk gerir sér ljós tengslin milli herverunnar,veru Íslands í NATO og framtíðar pólitískrar baráttu á Íslandi. Það veit að sjálfsákvörðunarréttur þjóðarinnar er í veði,því úrslit stéttabaráttu alþýðu í hag verða ekki þoluð af borgarastéttinni.

INNI Í BLAÐINU:

Lýðræðislegt alræði öreiganna 6.

Línurnar skýrast - leiðari 2.

MLR í Finnlandi - kynning systursamtaka EIK(m-l) 5.

Fúnandi heimsveldi

Annað risaveldið,Bandaríkin,er á fallandi fæti. Efnahagskreppan og hver ósigur heimsvaldasinna á fætur öðrum,svo sem í Víetnam,á stóran þátt í hnignuninni. Afleiðingarnar eru aukið stríðs- og svikabrölt Bandaríkjanna. Keppinauturinn,Sovétríkin,verður að kaupa hvern landvinning dýru verði. Samtímis mynda risaveldin samstöðu gagnvart verkalýð og alþýðu 3ja heimsins og kapítalísku smáríkjunum. Niðurstöður "friðarráðstefnunnar" í Helsinki eru gott dæmi um samkomulag þeirra til varðveislu óbreitts ástands hvað snertir gömul ítök hvors um sig. Sameiginleg afstaða í hafréttarmálum sömuleiðis. Sovétríkin hafa nú hernaðaryfirburði yfir Bandaríkin og bandamenn þeirra í Evrópu.

Hættan á nýju stórvelda- og uppskiptastríði eykst því stöðugt, eins og vígbúnaðurinn í skjóli "friðarhjalsins". Nú var hliðstæða NATO í SA-Asíu,SEATO, lagt niður fyrir skömmu. Hrakfarir Bandaríkjanna í Indókína ráða þar mestu um. Með upplausn SEATO nær alþýða SA-Asíu enn betri vígstöðu gegn afturhaldinu en áður. Enn einum leirfæti er þar með kippt undan bákni bandarískrar heimsvaldastefnu.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ
málgagn EIK(m-l)

RITSTJ. OG ÁB.M.:ALBERT EINARSSON

LEIÐARI

EIK(m-l), KSML, Fylkingin, KSML(b), Sósialistafélagið.
Eins og sjá má á upptalningunni er um "auðugan" garð að gresja til vinstri við höfuðvígi kratastefnu og baráttuskorts - Alþýðubandalagið. Þetta er staðan þegar skammt er liðið á baráttuna fyrir nýjum íslenskum kommúnistaflokki marx-leníníista. - 5 smásamtök með ólíkar stefnur.
Mörgum róttækum manninum verður hugsað til þessarar sundrungar og margir telja hana "óþarfa" og "eyðileggjandi".
EIK(m-l) hefur oft skýrt út stöðu þessa og jákvæðar hliðar hennar.
Að mati marx-leníníista er þróunin nú mjög jákvæð eftir nokkurra ára eyðileggingarstarfsemi "vinstri" róttæklinga(KSML 1970-74) og ruglanda Fylkingarinnar (1968-1974).
Við marx-leníníistar teljum eðlilegt að í kjölfar 30 ára útþynningarstarfsemi endurskoðunarsinna Sósíalistaflokksins og Alþýðubandalagsins komi margar stefnur fram,er endurreisnarstarfið hefst.
Skortur á starfsreynslu og þar með starfs- og stefnumati lengir lífdaga óþurftarstefna til hægri og vinstri. Að auki reynir svo borgarastéttin og hluti smáborgara að afvegaleiða kommúníska þróun eftir mætti.Skaðlausar tískustefnur "í anda" Che Guevara og Marcuse skjóta upp kolli. Endurskoðunarsinnar og vinstri róttæklingar grípa Krúséff og Trotsky til trausts - áratuga gamalt illgresi innan verkalýðshreyfingar - og boða "byltingarstefnu" gegn marx-leníníistum ("maoistar og stalínistar") og Alþýðulýðveldunum Kína og Albaníu, N-Víetnam ("skrifræðisklíkur").

LÍNURNAR SKÝRAST

Trotskistar taka til við að verja "gölluð" Sovétríkin gegn "heimsvaldastefnu",hafa vit fyrir þjóðfrelsisfylkingum í öðrum löndum og ala upp "forystulið" án tengsla við daglega baráttu fjöldans á Íslandi. Alþýðubandalagið þegir og hjúpar kratismann í þokukennd orð um "fleirþætt lýðræðisþjóðfélag og fjölflokkakerfi" í stað alræðis vinnandi fólks. Samtímis skýtur upp andsvari við "vinstri"róttæknina og einangrunarstefnuna.
Er þar fyrst og fremst um að ræða aðila Einingarsamtakanna og einstaklinga innann KSML.
Uppgjör KSML er smám saman að leiða samtökin í flestum höfuðmálum inn á línu EIK(m-l),enda fjölgar dæmum um baráttueiningu þeirra samtaka.
Einn þátturinn í að skýra línurnar er einmitt fræðilegar deilur og eindrægni á báða bóga.Annar er starfið meðal fjöldans. Þarf hvorttveggja til svo málefnabundin baráttueining megi vaxa og verða að þeirri fræðilegu , starfrænu og skipulagslegu einingu,sem er forsenda stofnunar raunverulegs kommúnistaflokks.
Ástandið er því,síður en svo, neikvætt. Línurnar skýrast!
Alþýðubandalagið kemur endanlega hugmyndafræðilegri endurskoðun sinni út í bókarformi,þannig að afhjúpunin verður auðveldari.Starf þess er sífellt afturhaldssamara og fólk missir traust á því í æ ríkari mæli.
Fylkingin stefnir á vit skólaspeki og einangrunarstefnu trotskismanns (m.a. með því að taka upp margt úr gömlu stefnu KSML,sjá t.d. afstöðuna til Indókína og herstöðvabaráttunnar).Hún lendir í "4 Alþjóðasambandinu".
KSML og EIK(m-l) sameinast á pappírnum um æ fleiri atriði marxleníníiskrar stefnu við íslenskar aðstæður.
KSML(b) og SR eru að hverfa í skuggann,nær óvirk bæði tvö.
Næstu ár boða miklar hræringar til vinstri við Alþýðubandalagið. Framsækið fólk verður að láta af viðhorfi áhorfandans og taka sér stöðu baráttumannsins með þeim samtökum sem hver og einn bindur vonir við.

TIL BARÁTTU FYRIR SAMEININGU MARX-LENÍNISTA Í KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS!

Fréttir úr starfi Eik(m-l)

Í öðru tbl.VERKALÝÐSBLAÐSINS var samantekt frétta úr starfi EIK(m-l) frá janúar til maí.
Skal nú bætt við starfi frá maí til septemberloka.

Í Reykjavík tók EIK(m-l) ekki þátt í aðgerðum Fylkingarinnar ("Rauð verkalýðseining"),né heldur "Rauðum framverði" KSML 1.maí. EIK(m-l) barðist fyrir baráttueiningu á grundvelli stéttabaráttunnar. Náðist samkomulag um sameiginlegar kröfur sex samtaka (að undanskildum KSML og Fylk.) Flest þeirra féllu þó frá aðgerðum. Félagar Reykjavíkurdeildar dreifðu dreifibréfi er svaraði spurningunni um hvers vegna ekki tókst að smíða baráttusamfylkingu 1.maí. Á Akureyri tók EIK(m-l) þátt í velheppnuðum aðgerðum Baráttusamtaka launafólks. Á báðum stöðunum heppnuðust innifundir vel.

- - - - - - - - - -

Í maí var dreift fregnmiða á Selfossi,Eyrabakka og Stokkseyri til kynningar Einingarsamtakanna.
Útgáfa VERKALÝÐSBLAÐSINS,málgagns EIK(m-l) hófst 1.maí.
Síðan hafa tvö önnur tbl.komið út,hið síðasta offsetfjölritað.

- - - - - - - - - -

Í júní gerði EIK(m-l) öllum vinstri samtökum tilboð um stofnun stuðningsnefndar verkfalla. Skyldi hún veita öllu verkafólki efnahagslegan og pólitískan stuðning að eigin mati. Aðeins Rauð verkalýðseining sýndi málinu áhuga.

- - - - - - - - - -

Um svipað leiti gerði EIK(m-l) Sósíalistafélagi Reykjavíkur og KSML samvinnutilboð um myndun baráttusamfylkingar fyrir síðustu kjarasamninga. Tilboðinu var ekki svarað.

- - - - - - - - - -

(Framh á bls. 9)

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

Útg.: EININGARSAMTÖK KOMMÚNISTA
(Marx-Lenínistar)
Póstfang: Skólastræti 3b Reykjavík
Verð: Áskrift 1975 250 kr.
Í lausasölu 50 kr.

"Gleymska" þjóðviljans og Moggans

Morgunblaðið reynir enn sem fyrr að gera Sovétríkin að dæmi um sósíalískt þjóðfélag -"ógnarstjórn kommúnismans".
Afturhaldið talar fjálglega um "heimsvaldastefnu kommúnismans" en ver heimsvaldastefnu Bandaríkjanna með kjafti og klóm.
Það lýsir jafnvel velþóknun sinni á barátttu marx-lenínista og Kínverska Alþýðulýðveldisins gegn yfirgangi hinna kapítalísku Sovétríkja - en"gleyma" auðvitað að geta þess að hinir raunverulegu kommúnistar hafa sýnt fram á falskommúnisma Kremlverja og kapítalískt eðli nýju Sovétríkjanna.Morgunblaðsmenn "gleyma" jafnvel,er þeir koppast við að skjalla Kína og níða niður Stalín,að geta þess að kínverskir kommúnistar og kínversk alþýða metur verk Stalíns réttilega að verðleikum.
Merkileg er "gleymskan" og slægð afturhaldsins. Nú hefur enn einn aðili bæst í hóp hinna "gleymnu": Þjóðviljinn.
Hann dregur taum sovéskrar heimsvaldastefnu,en "gleymir" því að hann segist styðja "hin sósíalísku Sovétríki" til jafns við sósíalískt Kína.

Þess vegna "gleyma" Þjóðviljamenn,að sjálfsögðu,að skýra afstöðu Kína,en verja afstöðu Sovétríkjanna í höfuðatriðum.
Þeir "gleyma" að skýra frá kveðjum Alþýðubandalagsins til ráðstefnu hinna fölsku "kommúnistaflokka" Sovétríkjanna og fylgiríkja þeirra.
Þeir "gleyma" baráttu Sovétríkjanna gegn landhelgis- og fiskveiðilögsöguútfærslum smáríkja.

Þeir "gleyma" okurverði Sovétríkjanna á olíu er ríkið kaupir og 10-12 milljarða skuld þess við Sovétríkin.
Nú síðast "gleymdu" þeir að sjö ár eru liðin síðan Kremlverjar brutu sjálfsákvörðunarrétt tékknesku þjóðarinnar 21.ágúst s.l. og hernámu Tékkóslóvakíu. Þar ríkir nú fasismi.
En Þjóðviljamenn gleymdu ekki að lofa "friðarhjal" Sovétríkjanna í Helsinki og leggur blessun sína yfir yfirlýsingar stórveldanna um "afvopnun" eins og Moggi gerir einnig. Það skyldi þó ekki vera eitthvað líkt með þessum "málgögnum alþýðunnar" á Íslandi??

Verkföll án verkfallsréttar

Æ fleiri dæmi eru um "ólögmætar" vinnustöðvanir aðila innan BSRB: Slæm kjör meirihluta aðildarfélaga BSRB,misrétti innan starfshópa og "deildu- og drottnaðu" aðferð ríkisins kalla á skyndiaðgerðir þeirra. Helst eru það kennarar,sem reyna leið barátttu í stað undirgefni og hlýðni við Kjaradóm.
Í fyrra reyndu framhaldsskólakennarar að þvinga fram leiðréttingu á launamisrétti miðað viðkjör háskólamenntaðra kennara. Árangur var nær enginn.
Nú í haust voru einnig uppi hótanir um verkföll og mættu tækniskólakennarar ekki til vinnu! Framhaldsskólakennarar stóðu einnig í baráttu.

Eik (m-l) setja fram baráttuvígorð um 200 mílna landhelgi, m.a. vegna þess að barátttan fyrir 200 mílna landhelgi er einn þáttur í baráttunni gegn heimsvaldastefnunni og í samstöðunni með þjóðum hrjáðra heimsins.Öll skref sem tekin eru og sem miðast að því að ná fullum yfirráðum á hafsvæðinu umhverfis landið eru jákvæð. Barátttan fyrir 200 mílna fiskveiðilögsögu getur orðið eitt þessara skrefa,þá og því aðeins að vinnandi alþýða taki forystuna úr höndum íslenska stórauðvaldsins og afturhaldsstjórnar þess. Nú þegar verður að hefja kröftuga baráttu gegn allri innlendri sem erlendri rányrkju á hafsvæðinu umhverfis landið.
Afstaða sem þessi jafngildir kröfu um ENGA SAMNINGA.

Afstaða EIK(m-l) í baráttunni er því:

ENGIR SAMNINGAR UM VEIÐIHEIMILDIR BARÁTTA GEGN INNLENDRI OG ERLENDRI RÁNYRKJU
200 MÍLNA LANDHELGI -

SAMSTAÐA MEÐ ALÞÝÐU HEIMSINS GEGN ALLRI HEIMSVALDASTEFNU!

LEIÐRÉTTING

Í forsíðugrein 3. tbl. Verkalýðsblaðsins kemur fram óheppileg villa um landhelgismálið. Þar segir; "útfærsla fiskveiðilögsögu í 200 mílur væri einskis verð alþýðunni, ef efnahags- og siglingalögsaga fylgir ekki!" Þetta er ekki rétt.

VINSTRI = HÆGRI

ÞINGRÆÐISBRÖLT ALÞÝÐUBANDALAGSINS TEKUR Á SIG FURÐULEGUSTU MYNDIR:
Þjóðviljinn ákærir nú stjórn Geirs fyrir að heimila svissneska/bandaríska auðhringnum ALUSUISSE að hafa hönd í bagga með virkjunarframkvæmdum á Austurlandi. Þjóðviljamönnum dettur hins vegar ekki í hug að nefna að sérfræðingar ALUSUISSE tóku þátt í virkjunarundirbúningi þegar árið 1971.Þá var við völd "alþýðustjórnin". Alþýðubandalagsforystan hneykslast á mótmælum stjórnar Geirs vegna takmörkunar síldveiða í Norðursjó. Í ársbyrjun 1974 mótmæltu fulltrúar íslensks ríkisvalds og stórútgerðar kvótaskiptingu Norð-austur-Atlandshafsnefndarinnar.Þeir hvöttu íslensk skip til veiðiþjófnaða. ÞÁ ÞAGÐI Þjóðviljinn.
Þegar fólk segir þreytulega við mann: "Æ þeir eru allir eins" - meinandi flokkana fimm - þá hefur það vissulega rétt fyrir sér. Vinnandi fólk vantar eigin baráttuflokk:KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS.

AB – BORGARALEGUR FLOKKUR



Forystumenn AB keppast nú við að boða langþreyttu vinnufólki leiðina til sósíalismans og andsvars við kreppunni.
Hún er svona: Kjósið fleiri sósíalista á þing - nýja "vinstri"stjórn!
Og meðmælin með þeim sjálfum eru heldur betur fín: Það tók "vinstri" stjórnina heila 33 mánuði að ná fram jafnmikilli verðbólgu og hægri stjórnin náði á 12 mánuðum!
(Þjóðviljinn 28.8.)

Þó AB-forystan gleymi að tíunda til ýmis önnur afreksverk "vinstri" stjórnarinnar,gerir það ekkert til,því vinnandi alþýða og verkalýður man þau.
Landhelgissamningar,fyrirhugað afnám vísitölubóta,Union Carbide-samningar,svik í herstöðvabaráttunni o.fl.
Stéttasamvinna og sókn í að stjórna auðvalds og arðránsskipulaginu er aðalsmerki góðra borgaraflokka. Stimpill með "verkalýðsflokkur og sósíalisma" felur það ekki.

LISTAMENN FRÁ KÍNA HEIMSÆKJA ÍSLAND

Þann 16.október n.k. kemur hingað til lands hópur fjöllistamanna frá Tientsín,hafnarborg Peking. Hópurinn hefur verið á sýningarferð um Norður-lönd og mun hann sýna listir sínar í Laugardalshöllinni. Í hópnum eru um 60 manns,allskonar listamenn,sem sýna listir,svo sem línudans,ljónadans,allskonar listir á reiðhjólum o.s.frv. Að heimsókn listamannanna standa Kínversk-Íslensku menningartengslin í samvinnu við Íþróttabandalag Reykjavíkur.Kínverska sendiráðið hefur veitt alla fyrirgreiðalu í sambandi við heimsóknina. Sýningarnar hérlendis verða 3-4 að tölu. Kínverjarnir halda frá Íslandi 25 október.
VERKALÝÐSBLAÐIÐ hvetur fólk til að sjá sýningar kínversku listamannanna.Sýningar á borð við þessa eru afar sjaldgæfur viðburður hérlendis og raunar víða erlendis, því kínversku listamennirnir eru meðal þeirra færustu í sinni röð í heiminum.

Hverjum þjónar „poppmenningin"?

Nú ber talsvert á því að ungt fólk bindist samtökum í pólitískum tilgangi. Þetta er eðlilegt í harðnandi stéttabaráttu - sumt ungt fólk vill styðja baráttu vinnandi fólks og verkalýðs í verki.

Samtímis ber einnig á annari stefnu. Allstór hópur ungs fólks hverfur til lífsflótta og innilokunar. Sumir eru nefndir hippar, aðrir stofukommar,frík o.s.frv. Við könnumst flest við hvað einkennir líf þessara jafnaldra unga fólksins,sem skipuleggur sig í pólitískum samtökum.:Róttækt orðalag,kaffihúsasetur,áfengisþamb, hass "í hófi",innihaldslausir popptextar,stjörnuspár og dulhyggja.

Við vitum af eigin raun að margir í hópnum eru andstæðingar auðvaldsþjóðfélagsins,aðallega í orði en minna í verki. Við leggjum áherslu á að beina orðum okkar til þeirra, sérstaklega þeirra,sem eiga rætur sínar meðal verkafólksins.

Ólíkt virku baráttufólki eygir þessi hluti æskunnar enga aðra leið í andófi sínu,en leið flóttans - það sökkvir sér niður í hluti,sem eru vinnandi fólki einskis nýtir í lífsbaráttu þess, enda allt gert til að ánetja ungt fólk "popp- og stjörnuspármenningunni". Umræddur hópur heldur gjarnan að lífsform þess eitt sér eða óvirkni þess ein sér geti breytt þjóðfélaginu án baráttu.ÞETTA ER ALRANGT. Stéttaafstaða hópsins er röng - það er einmitt pólitísk-aðgerðaleysi og pólitískt skipulagsleysi,sem borgarastéttin óskar eftir. Stuðmannahljóðin,stjörnuspekin og brennivínið eiga að fela baráttu vinnandi alþýðu og undirokunina,en gera daglegt líf fjöldans "leiðinlegt og smáborgaralegt" miðað við "poppmenninguna". Vinnandi fólk þarfnast baráttuliðs, hvatningar og virkni ungs fólks, en ekki eigingirni og afskiptaleysi þess.

Við hvetjum óvirka samherja og alls kyns róttæklinga til að velta fyrir sér spurningunni:

ER AFSTAÐA MÍN OG STARF Í HAG VINNANDI ALÞÝÐU?

LIST - fyrir hvern ?

Listsköpun,eins og aðrar mannlegar athafnir,mótast ævinlega af þeirri þjóðfélagsgerð og því ástandi, sem ríkir í þjóðfélaginu á hverjum tíma. Það hefir löngum verið hart um það deilt,hvort list geti tekið eða eigi að taka afstöðu í stríði stéttanna - vera pólitísk eða "óháð". Kommúnistar hafa hins vegar ætíð bent á,að óháð list er ekki til,því hvers kyns skreyti- og skemmtilist í stéttaþjóðfélagi þjónar hagsmunum ríkjandi stéttar með því að taka ekki upp baráttu gegn henni. En goðsagan um "listina fyrir listina" er þó furðu lífsseig og smitar jafnvel í ríkum mæli verk þeirra manna,sem vilja þó telja sig byltingarsinnaða.Hér á Íslandi er þetta mjög svo áberandi,sem e.t.v. er ekki að undra eftir þá ládeyðu og einangrun,sem byltingarsinnuð hreyfing hefir verið í síðan fyrir stríð.
Á árunum fyrir stríð voru byltingarsinnaðar bókmenntir í mikilli grósku,hér og reyndar í öllum hinum vestræna auðvaldsheimi - kreppuskáldin svokölluðu. Með vaxandi kratísma og stéttasamvinnu verkalýðsforystunnar,minnkandi stéttarvitund almennings og ekki síst svikum Sovétríkjanna við sósíalismann,hefir róttæk list orðið sífellt innhverfari og fjarlægari tilgangi sínum. Nú er marx-leninísk hreyfing aftur í vexti í auðvaldslöndunum og vöxtur hennar gerir þá kröfu til byltingarsinnaðra listamanna að þeir komi út í baráttuna og hætti að útmála vitundina,en snúi sér af nýjum krafti að verundinni. Víða er orðin stór breyting til batnaðar,s.s.í Noregi,þar sem byltingarsinnuð list aðgengileg og gagnleg fyrir alþýðu manna,hefir fengið nýjan byr undir vængi.
Marx-leninísk hreyfing á Íslandi er ung,eiginlega rétt nýfædd,og hefir ekki að neinu marki náð út til fjöldans. Það yrði henni - og þar með baráttu fjöldans - ómetanlegur stuðningur að hafa á sínum snærum hóp baráttuglaðra listamanna, sem helguðu verk sín íslenskri alþýðu og baráttu hennar fyrir sósíalismanum. En því miður spretta slíkir listamenn ekki á trjánum í dag.Hér er að vísu mikil framleiðsla,myndlistarmenn og skáld ku vera óvenjufjölmennur hópur miðað við íbúa-

(framh. bls. II)

LEIKHÚS ALÞÝÐU

Framsækið fólk á Akureyri hefur nú stofnað ALÞÝÐULEIKHÚS.
Markmið þess er að beina þjóðfélagsgagnrýni á brautir leikhúss,miðla efni er tekur afstöðu með vinnandi alþýðu og túlka málstað hennar með aðferðum leikhússins.
Þessu fagnar EIK(m-l)
Einn þáttur í stéttabaráttunni er einmitt baráttan fyrir venjulegri alþýðumenningu,sem stendur í mótsögn gegn tilraunum ráðandi stéttar við að gera menningarstarfsemi óskaðlega sjálfri sér. Róttækt leikhús er stórt skref framávið.
Tvo atriði verður að staldra við. Í fyrsta lagi skortir Alþýðuleikhúsið fé.Þar verður fyrst og fremst að treysta á framlög velvildarfólks,en ekki stofnana ríkisins.
Í öðru lagi er hætta á að leikhúsið boði vinnandi fólki ekki baráttustefnu ef gagnkvæm tengsl eru ekki milli leikhússins og uppvaxandi pólitískrar hreyfingar. Kratismi og stéttasamvinnustefna og borgaralegur undansláttur á ekki samleið með raunverulegu alþýðuleikhúsi.
Enginn öðlast rétta baráttuafstöðu í einangrun frá baráttunni og hræringum á vinstri kantinum.

EIK(m-l) hvetur félaga og stuðningsfólk að styðja og efla Alþýðuleikhúsið á Akureyri.
Hafið samband við Arnar Jónsson leikara á Akureyri.

MLR

Kynning á norrænum bróðursamtökum EIK(m-l)

Í þessu tbl.VERKALÝÐSBLAÐSINS hefst greinaflokkur,sem mun fjalla um hreyfingu marx-lenínista á Norðurlöndum. Í stuttu máli verða þau samtök,sem EIK(m-l) hefur bróðurleg og gagnkvæm samskifti við,kynnt lesendum.

Öll samtökin stóðu saman að fyrstu sameiginlegu ráðstefnu norrænna marx-lenínista í jan. s.l. og ályktunum þeim,sem OKTÓBER-FORLAGIÐ hefur gefið út hérlendis.

Þessi samtök eru:

Marx-Leníniskir hópar Finnlands,

Kommúnísku Samtökin Marx-Leníniistar (KFML) í Danmörku.

Kommúnistaflokkur Svíþjóðar (SKP

Kommúnistaflokkur Verkamanna (marx-leníniistar) (AKP(m-l)) í Noregi.

Oggjaframi(marx-leníniistar) á Færeyjum.

MARX-LENÍNÍSKIR HÓPAR FINNLANDS

Marx-Leníniskir hópar Finnlands eða Marxilais - Leninläiset Ryhmät,stofnuðu landssamtök 1973. Fram til þess tíma störfuðu marx-leníniistar í nokkrum laustengdum hópum í Helsinki og víðar. Upphaf sitt áttu félagarnir í æskulýðshreyfingu "Kommúnistaflokks Finnlands",Víetnamhreyfingunni og kínversk-finnska vináttufélaginu.

Efnahagslíf Finnlands byggist á landbúnaði og iðnaði. Iðnaðurinn hefur vaxið stórlega með uppkomu einokunarhópa og auknum tengslum við Sovétríkin. Fyrst í stað var aðstoð Sovétr. bróðurleg og án sérstakra skilyrða.Eftir að skrifræðisstétt Sovétr. náði að breyta sovéska samfélaginu í arðráns og kúgunarskipulag,breyttist afstaðan til Finnlands.Nú ráða sovésku endurskoðunarsinnarnir miklu í innarríkismálum Finnlands með dyggilegri aðstoð voldusg hægriflokks - nefnilega "Kommúnistaflokksins" er tók nýja stefnu Krúsjeffs og Co. og gerði að sinni.Kratar styðja einnig Sovétr. í flestum málum. Iðnaðurinn er lagaður að þörfum Sovétr.,verslunin bundin Comecon(efnahagsbandalag nýju keisaranna í Kreml) að miklu leiti og endurskoðunarsinnarnir sovésku hafa mikil og bein afskifti að stjórnmálum Finnlands. Í ráði er að banna allan áróður gegn Sovétríkjunum og fara með slík mál,sem landráðsmál.Beinist þetta fyrst og fremst gegn marxlenínistum,hinum eiginlegu kommúnistum,því náið samband er á milli allra hægriflokka og Sovétr. og því engrar gagnrýni á þau að vænta þaðan.

Í verkalýðshreyfingunni ráða kratar og "kommúnistar" mestu og "kommúnistar" að auki miklu í námsmannahreyfingunni og ýmsum fjöldasamtökum

Við þessar aðstæður þróast hin kommúníska marx-leníniska hreyfing í Finnlandi,í andstöðu við finnska einokunarauðvaldið og sovésku endurskoðunarstefnuna ásamt kratabroddunum.

Höfuðverkefni finnsku marx-leníniistanna er að treysta bönd sín við vinnandi alþýðu,berjast gegn endurskoðunarstefnu "kommúnista" og afhjúpa Sovétríkin sem kapítalískan óvin finnskrsr alþýðu ásamt einokunarauðvaldinu. Markmið MLR er stofnun kommúnísks flokks vinnandi alþýðu. MLR starfar í fimm stærstu borgum Finnlands af miklu afli. OKTÓBER-FORLAG þeirra selur útgáfuefni sitt,sígild rit marxismans o.fl. í fjórum samnefndum bókabúðum, en mánaðarblaðið KOKAKUU(Október) og tímaritið PUNAKAARTII(Rauðliðinn) eru helstu áróðurstæki MLR.

Póstfang LOKAKUU er:

LOKAKUU - lehti
PL 163
00101 Helsinki 10
Finnland.

Í næsta blaði verður fjallað um Kommúnistaflokk Svíþjóðar-SKP.

- í listum kemur þetta fram sem borgaraleg einstaklingshyggja.

Dæmi þessa mátti sjá í Helsinki nýlega á listsýningu Ilya Glazunov. Flestar andlitsmyndir Glazunov eru af vestrænum stjórnmálamönnum og auðherrum. Þær eru mjög jákvæðar - listamaðurinn segist geta séð eitthvað fallegt í sálum alls fólks - einnig í sálum einokunarauðherranna. Myndirnar sem sýna Sovéskt alþýðufólk eru þokukenndar og fullar af bölsýni. Myndir frá Rússlandi,sögulegs eðlis,eru allar af Keisurum(Zörum), greifum,kirkjum og englum.Rússnesk alþýða var ekki til staðar.

(LOKAKUU)

TÖLULEGAR BLEKKINGAR, UNDIRSTAÐA VÍSITÖLUSAMNINGANNA.

Í byrjun janúar hófust hinir svokölluðu vísitölusamningar.Samkvæmt tveggja ára samkomulagi milli atvinnurekenda og verkalýðsfélaganna,sem var undirritað s.l. vor,er markmið þessara viðræðna að gera sér grein fyrir þróun raunlauna undanfarna mánuði og ræða og samþykkja mögulega hækkun launa. Það er ljóst þegar frá byrjun að hvorki atvinnurekendur

ÚR LOKAKUU

ER ENGIN ÞÖRF Á BARÁTTUGLEÐI Í SÓSÍALISMANUM?

Menningarblað finnskra endurskoðunarsinna skrifar að það sé rangt að krefjast baráttugleði af tónlistarmönnum í sósíalískum ríkjum. Viðfangsefni þeirra séu frábrugðin viðfangsefnum í kapítalískum ríkjum. Þýðir þetta þá að það sé engin þörf á baráttugleði í sósíalismanum? Auðvitað ekki. En ef það væri baráttugleði í listum endurskoðunarsinnuðu landanna þá væri henni beint gegn hinni nýju yfirstétt og hinu nýja efnahagskerfi.

(LOKAKUU)

"NÝ SOVÉSK LIST".

Afleiðingar hinna efnahagslegu breytinga í Sovétríkjunum eru þær að auðhyggjan gegnsýrir allt þjóðfélagið - í efnahagslífinu með eftirsókn eftir persónulegum gróða

nú sósíaldemókratarnir í verkalýðsfélögunum munu gefa eina einustu krónu til viðbótar.

Þessar viðræður hafa verið grundvallaðar á þeirri tröllasögu að rauntekjur hafi hækkað um 4-5% síðan samkomulagið var undirritað. En í raun og veru hafa þær lækkað um 6% a.m.k. "Tölfræðin" sem er undirstaða tröllasögunnar er vitlaus og gerð í þeim tilgangi að svindla. T.d. eru áhrif hárra skatta ekki tekin inn í myndina.

(Úr LOKAKUU(Október) málgagni MLR í Finnlandi)

NÁM OG STARF

Í umræðum á vinstri kantinum hérlendis hefur lítið farið fyrir umræðum um grundvallaratriði marxismans. Framvegis munum við taka fyrir í VERKALÝÐSBLAÐINU ýmis fræðileg atriði marxismans.Þetta er gert til þess að lesendur blaðsins geti fræðst um fræðikenninguna um leið og við vonum að umræðan um hina fræðilegu hlið baráttunnar aukist.

Í þessum fyrsta dálki munum við fjalla um LÝÐRÆÐISLEGT ALRÆÐI ÖREIGANNA.

LÝÐRÆÐISLEGT ALRÆÐI ÖREIGANNA

Fyrir skömmu leit dagsins ljós "stefnuskrá" Alþýðubandalagsins. AB hefur um langan tíma gert allt sem það hefur getað til þess að einoka "sósíslismann" á Íslandi. AB hefur meira segja lagt í það þrekvirki að láta skrifa fyrir sig "stefnuskrá",en á þeim vettvangi,þ.e. vettvangi orða og "róttækra" skrifa hefur AB enn ekki látið af "sósíalískri" stefnu sinni.En með því er líka allt rautt í fari AB upptalið. En hvað er svo "stefnuskrá" AB? Þegar hún er skoðuð kemur fram að hún sjálf er heldur ekki rauð.Hún er afneitun á marxismanum og afneitun á þeirri reynslu sem íslenskur verkalýður hefur áunnið sér í áratuga stéttabaráttu.

AB neitar algerlega byltingunni sem leið til sósíalismans.AB neitar með öllu alræði öreiganna sem skipulagsformi þess ríkis sem barist er fyrir,þ.e. hins sósíalíska ríkis.Þetta þýðir að AB er ekki sósíalískur flokkur heldur borgaralegur krataflokkur, sem skreytir sig með marxískum orðum í stefnuskrá og við hátíðleg tækifæri. Hvers vegna leggjum við kommúnistar svona áherslu á alræði öreiganna? Við fullyrðum að alræði borgaranna verði aðeins brotið á bak aftur með sósíalískri byltingu,þar sem verkalýðurinn hefur forystuna.Til þess að geta leitt byltinguna til fulls sigurs, verður verkalýðurinn að byggja upp sitt eigið valdatæki - alræði öreiganna -.Alræði öreiganna er því ríkisvald öreiganna.
AB stefnir hinsvegar að því að auka smátt og smátt þingmannatölu sína og þar með "áhrif" sín í ríkiskerfinu og á þann hátt stuðla að því að breyta þjóðfélaginu,smátt og smátt í "sósíalískt" þjóðfélag. AB afneitar öllu alræði, en talar um lýðræði eins og Moggi. Kommúnistar vilja hinsvegar lýðræðislegt alræði öreiganna.

HVAÐ ÞÝÐA ORÐIN?
Orðið lýðræði er óspart notað af borgurunum. Þeir reyna að telja alþýðunni trú um að hún búi við lýðræði,þ.e. að hún hafi rétt til að kjósa,rétt til að segja álit sitt svo fremi sem hún fái inni með það í fjölmiðlum eða peninga til að gefa út á prenti skoðanir sínar,o.s.frv.
Alþýðan býr ekki við lýðræði, heldur hefur hún aðeins mismunandi mikið af borgaralegum réttindum. Lýðræði þýðir að alþýðan hafi völdin í samfélaginu og stjórni því í eigin þágu.Lýðræði er þegar meirihlutinn ræður og stjórnar yfir minnihlutanum.
Alræði.Borgararnir reyna að fela ólýðræðislegt alræði sitt með því að búa það út í lýðræðislega hulu.Alræði borgaranna er alræði minnihlutans yfir meirihlutanum.
Alræði þýðir að sú stétt sem situr með völdin í samfélaginu drottnar yfir öðrum stéttum og stýrir samfélaginu í eigin þágu.
Í öllum stéttaþjóðfélögum á undan sósíalíska samfélaginu birtist alræðið á þann hátt að minnihluti drottnar yfir meirihlutanum,undirokar hann og arðrænir.Yfirstéttin ræður yfir framleiðslutækjunum og kastar eign sinni á framleiðslna.Til þess að verja hagsmuni sína byggir yfirstéttin drottnunartæki sitt - RÍKIÐ -.Ríkið er því ekki óháð stéttunum eins og oftlega heyrist í málpípum borgaranna,heldur þeirra eigið kúgunartæki.

Alræði borgaranna.
Á Íslandi er það stórborgarastéttin - einokunarauðvaldið - sem stjórnar pólitíkinni í gegn um ríkisvaldið. Áhrif almennings á stjórnunina kemur nær eingöngu fram í að hann hefur atkvæðisrétt í kosningaskrípaleik sem settur er á svið til þess að láta allt líta sem lýðræðislegast út. Allir vita um efndir kosningaloforða stjórnmálaflokkanna.Þau eru horfin og gleymd daginn eftir kosningar. Alþýðan ræður t.d. engu um verðlagspólitíkina,verðbólgan og stöðugt aukin skattpíning er stjórnunarverk einokunarauðvaldsins. Það er alveg sama



ALRÆÐI ÖREIGANNA í verki. Hópur kínverskra verkamanna leggur á ráðin um skipulagningu framleiðslunnar.

hver flokkanna fimm situr í ríkisstjórn,"þeir eru allir eins" segir fólk um þá. Alræði öreiganna er andstæða alræðis borgaranna,og um leið verður alræðið lýðræðislegt vegna þess að það er alþýðan sjálf,meirihlutinn,sem stjórnar.

Sósíalísk bylting.

Mao Tsetung segir að "pólitískt vald vaxi fram úr byssuhlaupinu". Lenín segir að höfuðspurning byltingarinnar sé spurningin um valdið. Vald einokunarauðvaldsins hvílir fyrst og fremst á yfirráðum þess yfir hernaðartæki og lögregluvaldi. Það er því draumur og óskhyggja að ætla að því verði velt úr sessi átakalaust. Íslensk borgarastétt er vel vopnum búin,þó svo að á Íslandi sé enginn íslenskur her.Bæði hefur hún varnarliðið tilbúið á Miðnesheiðinni og einnig öryggissveitir sem skipulagðar eru á bak við tjöldin. Við höfum enga ástæðu til að ætla annað en að borgarastéttin beiti alræði sínu sjái hún drottnun sinni og hagsmunum ógnað.Þess vegna verður íslensk alþýða að vera viðbúin beitingu vopna í baráttu sinni, baráttu þar sem borgarastéttin mun beita vopnum að fyrra bragði. Ekki þarf að nefna fleiri dæmi en Chile til að augljóst sé hvaða afleiðingu það hefði í för með sér að hefja byltingarsinnaða baráttu án þess að undirbúa sig um leið fyrir vopnaða baráttu. Alþýðufylkingin undir forystu Allendes reyndi friðsamlega leið til sósíalisma.Fyrir tilstilli,fyrst og fremst,endurskoðunarsinnaðra "kommúnista" voru öll vopn tekin af alþýðunni og allur undirbúningur alþýðunnar fyrir vopnaða baráttu gegn hervaldi borgarastéttarinnar brotinn á bak aftur. Þúsundir baráttufúsra Chílemanna féllu síðar fyrir vopnum fasista, án þess að geta veitt vopnaða mótspyrnu.

Alþýðan undir forystu verkalýðsins getur ekki byggt alræði sitt í friðsamlegri sambúð við borgarastéttina, sem verður alltaf ósættanlegur fjandmaður.

Leið Alþýðubandalagsins,hinni friðsamlegu leið,þar sem alþýðunni er gert að búa í einskonar sátt við borgarastéttina,þar til AB hefur tekist að ná meirihluta á þingi, er fyrirfram dæmd til að fordæmast af öllum sósíalistum,sem virkilega vilja standa undir því nafni. Leið AB leiðir aðeins til ófara og ósigra. Eina leiðin sem hægt er að fara og eina leiðin sem farin hefur verið er leið byltingarinnar. Verkalýðurinn verður að framkvæma sósíalíska byltingu í samvinnu við byltingarsinnaðar stéttir og hópa alþýðunnar og byggja alræði öreiganna sem virkt lýðræðislegt drottnunarvald

Alræði öreiganna.

Með byltingunni verður borgarastéttin ekki brotin á bak aftur og henni útfangi. Það tekur langan tíma að útrýma margra alda gömlum hugmyndum yfirstéttanna.Alþýðan verður að berjast í langan tím við draug borgarastéttarinnar - borgaralegar hugmyndir og venjur. Til þess notar hún alræði öreiganna.Alþýðan verður að byggja upp sitt eigið efnahags og menningarskipulag.Til þess notar hún alræði öreiganna.
Öreigarnir verða því að byggja upp sitt eigið valdatæki,sem þeir nota gegn öllum tilraunum til að steypa alræði öreiganna. Alræði öreiganna er því hin nýja ríkisgerð,sem öreigarnir byggja og stýra.
Gamla ríkið þjónaði einokunarauðvaldinu,það nýja þjónar alþýðunni. Þannig er alræði öreiganna stéttbundið valdatæki,eins og alræði borgaranna,en að auki lýðræðislegt, þar sem það þjónar yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar.
LÝÐRÆÐISLEGT ALRÆÐI ÖREIGANNA er lýðræði fyrir alþýðuna en alræði yfir óvininum.

ALRÆÐI ÖREIGANNA Í VERKI.

KÍNA.

Vestrænn fréttaritari í Kína vildi ná tali af bæjarstjóra í 15 þús. manna bæ í einu héraða Kína.Honum var svarað að bæjarstjórinn væri við vinnu niður við höfn.Fréttaritariinn hélt þangað og hitti bæjarstjórann,þar sem hann var að vinnu með félögum sínum. Kínverjar vilja hindra að þeir sem kosnir eru til þess að stýra og stjórna fjarlægist venjulegt fólk í hugsunum og atferli. Þess vegna hafa þeir skipulagt stjórnsýslu sína á þann veg að embættismenn starfa aðeins eina viku af fjórum við skrifstofustörf þau sem embættinu fylgja,en þrjár vikur starfa þeir í sinni gömlu vinnu. Það er augljóst að við slíkar aðstæður er miklu erfiðara fyrir embættismann að fjarlægjast hugsunarhátt alþýðunnar. Hvað myndi t.d. gerast í Kína ef bæjarstjóri kæmi akandi niður á bryggju í lúxusbíl.Hann fengi óþvegin orð í eyra frá vinnufélögum sínum,sem hann vinnur með í 3 vikur af 4. Íslenskum bæjsrstjórum og öðrum embættismönnum væri sannarlega hollt að kynnast svona skipulagi eins og er í Kína.

ALBANÍA.

Vesturlandabúi sem heimsótti Albaníu nýlega,segir frá heimsókn sinni í vefnaðaverksmiðju. Þar voru veggblöð hangandi um alla verksmiðjuna. Hann benti á eitt þeirra og bað um að það yrði þýtt fyrir sig.Á veggblaðinu stóð að á vinnustaðnum væri eitthvað rotið.Þetta rotna var samkvæmt þeim sem skrifuðu nöfn sín undir blaðið, að leiðandi fólk í verksmiðjunni hafði ráðið mann til starfa,sem hann var alls ekki hæfur til að gegna,en hann var aftur á móti ættingi eins af þeim leiðandi. Höfundar veggblaðsins sögðu að láta manninn hætta starfi sínu, því það væri ekki meinið,heldur hitt að útrýma þyrfti þeim hugsunarhætti sem leiddi til þess að forystan gerði slíka hluti. Höfundar kröfðust fjöldafundar um málið innan einnar viku.Þeir skoruðu á verkafólið að láta skoðun sína í ljósi: sammála eða ósammála.
Svona atvik eru alþekkt í okkar þjóðfélagi,en við þeim er ekki brugðist á sama hátt og í Albaníu. Hér eru það atvinnurekendur sem öllu ráða,hverjir fá vinnu og hverjir ekki.Veggblöð og frjáls skoðanamyndun er dæmd norður og niður af atvinnurekendum. Í Albaníu er það hinsvegar þannig að ef veggblaði er ekki svarað inna þriggja daga, er litið á það sem mjög alvarlegt mál,sama hver á í hlut.Veggblaðið er því hengt upp á ný á opinberum stað,t.d. á fjölfarinni götu. Þannig lýðræðislegar aðgerðir og enginn feluleikur gera það að verkum að allir eru fljótir að gera hreint fyrir sínum dyrum,svara gagnrýni og taka afleiðingum gerða sinna með opinberri sjálfsgagnrýni..
Í tilfellinu sem nefnt var að framan gerðist það einnig.Svar þeirra sem hlut áttu að máli hékk stuttu seinna við hliðina á veggblaðinu þar sem gagnrýnin kom fram.
Veggblöðin á veggjum verksmiðjanna í Albaníu eru ólík þeim sem sjá má á veggjum verksmiðja t.d. í Austur-Þýskalandi.Þar eru veggblöðin faglega unnin.Prentuð í geysistórri veggspjaldaverksmiðju í Austur-Berlín. Þeim má helst líkja við "hrein torg-fögur borg" á ruslatunnum Reykjavíkurborgar fyrir kosningar. Veggblöðin í Albaníu báru það með sér að mikil barátta var í gangi og það baráttan var ekki á milli ósættanlegra andstæðinga heldur um það að leiðrétta hugsanahátt þann sem aldalöng kúgun og ofríki innlendra sem erlendra yfirstétta hafði innprentað albönsku alþýðunni. Dæmi þau sem hér hafa verið nefnd eru aðeins smá ábending um það hvernig verkafólk beitir lýðræðislegu alræði öreiganna.
Í hugmyndum sínum um sósíalíska ríkið afneitar Alþýðubandalagið alræði öreiganna.
Trotskistarnir í Fylkingunni afneita alræði öreiganna í verki.
Þeir segja: Það var aldrei sósíalismi í Sovétríkjunum,aldrei alræði öreiganna.Í Kína og Albaníu ríkir einræði og "stalínísk skriffinska". Þeir halda því fram að Mao sé að gera púragrín að allri kínversku alþýðunni með menningarbyltingunni, því Mao sé í rauninni skrifræðisseggur og einræðisherra.En hver sem er getur vart horft framhjá því að menningarbyltingin í Kína er einhver sú lýðræðislegarsta aðgerð sem framkvæmd hefur verið. Byltingarstefna trotskista nær skemmra en nefið og aðeins út í hægra munnvikið.

UMRÆÐUR

Ranghermi um sumarráðstefnu EIK(m-l)

Félagsfundur Reykjavíkurdeildar Eik(m-l) tekur eftirfarandi fram:

Í Stéttabaráttunni nr.8. er frásögn tveggja gesta EIK(m-l) frá sumarráðstefnu samtakanna.Um er að ræða fulltrúa KSML.

Frásögnin er rétt hvað varðar framkvæmd ráðstefnunnar,en ranghermi eða misskilningur einkennir pólitískt mat fulltrúanna og frásagnir þeirra af afstöðu EIK(m-l).

Félögum EIK(m-l) þykir miður að þurfa sífellt að eyða dýrmætu rúmi og tíma í að leiðrétta suma félaga KSML.Miklu nær væri að ræða helstu ágreiningsmál samtakanna á aðalatriðum.Yfirlit yfir þau eru í 3.tbl.VERKALÝÐSBLAÐSINS.

1. Í umræðuefni ráðstefnunnar kemur hvergi fram "róttæk breyting á afstöðu EIK(m-l) til höfuðmóthverfunnar"(þ.e.aðalandstæðna íslenska þjóðfélagsins nú). Þar segir,sem og víða í stefnuplaggi EIK(m-l),Baráttuleið alþýðunnar:

"Til þess að framkvæma byltinguna verður verkalýðurinn að byggja upp baráttusveit sína - hinn kommúníska flokk.Þetta verður aðeins gert með því að efla,vekja og leiða baráttu alþýðunnar gegn stéttaróvininum og einkum höfuðóvini öreiganna, einokunarauðvaldinu."(sbr.bls.41,46 og 47 í Baráttuleiðinni)

"Sósíalíska byltingin á Íslandi mun fyrst og fremst verða verk verkalýðsins(sbr.bls.42 í Baráttuleiðinni) og byltingin mun færa verkalýðnum völdin í samfélaginu.Til þess að geta framkvæmt sósíalísku byltinguna verður verkalýðurinn að vinna til fylgis við sig stærstan hluta smáborgarastéttarinnar". (sbr.bls.41 í Baráttuleiðinni).Höfuðmóthverfan er "vinnandi alþýða gegn einokunarauðvaldi".

2. Forvígismenn EIK(m-l) hafa aldrei lýst því yfir að "vígorðið stétt gegn stétt væri ekki rangt eða afvegaleiðandi - heldur fullkomlega rétt í dag". Formaður EIK(m-l) sagði í ræðu að ekki skipti höfuðmáli hvernig samtök drægju baráttuafstöðu sína saman í baráttuvígorð - heldur hvers konar barátta og starf sprytti upp af afstöðunni. "Stétt gegn stétt" væri því ekki afgerandi mat á samtökum,heldur starf þeirra.Lengst af starfaði KSML ranglega og vinstri villa KSML stafaði vissulega m.a.af röngu höfuðvígorði er leiddi til einangrunarstefnu.

Félagsfundurinn bendir KSML ennfremur á að þótt samtökin haldi enn fast við gamla vígorð Alþjóðasambands kommúnista frá 3.áratugnum,hefur starf KSML breyst til batnaðar. Og er það mikilvægara en fastheldni á vígorð. Eftir sem áður telur EIK(m-l) vígorðið "stétt gegn stétt" ekki réttmætt nú.

3. EIK(m-l) hafa aldrei haft þá afstöðu að "einhver hluti borgarastéttarinnar gæti verið byltingarsinnaður(..)eða "strategískur" (þ.e. langtíma-)bandamaður verkalýðsins". EIK(m-l) telur,sem áður,einstaka einokunarvarana auðmenn (gjarnan stóra sem slíka)mögulega bandamenn í dægurbaráttunni gegn einokunarauðvaldinu og erlendri ásælni.

Lítill setningarhluti:"Einokunarvana auðvald er grimmur andstæðingur alþýðunnar" er rifinn úr samhengi,til þess að gera að því skóna að EIK(m-l) telji nú loks borgarastéttina alla andstæðing, en ekki aðeins(.?) einokunarauðvaldið.

Setningin er svona í samhengi:

"Einokunarvana auðvald er afturhaldssamt og grimmur andstæðingur alþýðunnar.Alþýðan getur notað sér innri andstæður auðvaldsins,samkeppni milli greina og fyrirtækja í baráttu sinni(þetta þýðir að í einstaka tilfellum getur alþýðan gert samning við einokunarvana auðvald í baráttunni gegn einokunarauðvaldinu,en sá samningur byggist á hagsmunum alþýðunnar og getur aldrei varað nema skamman tíma".

Öllu þessu sleppa greinahöfundar í Stéttabaráttunni af augljósum ástæðum.

4. EIK(m-l) hefur aldrei haldið öðru fram en því að verkalýðurinn væri forystuafl öreiga(þorra vinnandi fólks)og vinnandi alþýðu allrar - og starfað samkvæmt því.

Afstaðan á ráðstefnunni var hvorki "skoronorðari" né"betur til þess fallin að færa samtökin nær hvert öðru" en ávallt áður. Uppgjör við hentistefnu og ranga afstöðu til stétta fer fram 'KSML en ekki EIK(m-l) - það er einmitt KSML,sem nú e.t.v. sjá nýjann bandamann í smáborgurum,svo sem bændum.

5. Talsmenn EIK(m-l) "skoruðust ekki undan sameiginlegri yfirlýsingu EIK(m-l) og KSML um sósíalheimsvaldastefnuna(yfirgang Sovétríkjanna og auðhyggju). Slík yfirlýsing var einfaldlega ekki á dagskrá m.a. vegna þess að allmargir ráðstefnugesta voru ekki félagar í EIK(m-l). Annar fulltrúi KSML spurði og/eða lagði til að slík ályktun yrði borin upp.Var spurningunni svarað neitandi og bent á að samtökin þyrftu að vera sammála um hverju berjast ætti fyrir.Sem kunnugt er setur EIK(m-l) fram vígorðið um að verja sjálfsákvörðunarrétt - pólitískt sjálfstæði - gegn risaveldunum og úrsögn úr NATO. Fulltrúi KSML gerði engar athugasemdir við þau svör er hann fékk. Tilraunir fulltrúanna í Stéttabaráttunni hljóta að vera framhald á staðhæfingum annars þeirra(KG) um að EIK(m-l) vilji ekki taka upp baráttu gegn yfirgangi Sovétríkjanna og endurskoðunarstefnu "kommúnista" þar.

Félagar í KSML - um hvað á baráttan gegn sósíalheimsvaldastefnunni að snúast??

Stefna EIK(m-l) er skýr.

Svar þetta er langt.Ill nauðsyn ber til. Frá okkar hendi er til félagslegur viðræðugrundvöllur og vilji til ærlegra umræðna. En félagsfundurinn fordæmir harðlega skrif fulltrúa KSML í Stéttabaráttunni.Lesendur hennar og sérlega félagar KSML þurfa sannarlega á áreiðanlegri fréttum að halda.

Félagsfundurinn lítur svo á að með skrifum sínum reyni fulltrúarnir að breiða yfir hægfara afstöðubreytingu og uppgjör KSML við fyrri hentistefnu, tefja alhliða stefnubreytingu KSML og fegra samtökin í augum fólks.

Við krefjumst þess að KSML taki afstöðu til skrifa fulltrúa sinna og þessa svars.

Félagsfundur EIK(m-l)
Reykjavík 6.9.

Njósnir a útifundi

KSML,Alþýðubandalagið,EIK(m-l), Fylkingin,stúdentasamtök o.fl. héldu baráttu- og mótmælafund til stuðnings spænskri alþýðu og til fordæmingar á réttarmorðum spænskra fasista.
Gekk vel að undirbúa fundinn þótt fyrirvari væri stuttur, nema hvað Fylkingin gerði fyrst kröfu um"málfrelsi".Vildu trotskistar fá tækifæri til að halda fram klofningshrópum sínum um "sósíalískan Spán" til að einangra stuðningsframlagið við íslenska sósíalista og afneita and-fasískri og lýðræðislegri baráttu spænskrar alþýðu.
Eftir nokkurt þóf,þar sem Fylkingin einangraðist,gekkst hún inn á að halda sig við samfylkingargrundvöllinn: Stuðningur við spænska alþýðu - frelsi handa öllum pólitískum föngum -.En Fylkingin hélt fast við kröfu um eigin ræðumann.Var það samþykkt.

Fundurinn fór hið besta fram með 500-600 manna þáttöku. Samþykkt var harðorð mótmælaályktun. Meðan á fundi stóð stunduðu leiguþý afturhaldsins ljósmyndaiðju sína með 100-200 mm aðdráttarlinsum. Sýnir þetta að nú þegar verður að hefja baráttu gegn persónunjósnum og fasískum tilhneygingum,fyrir lýðréttindum ísl. alþýðu. LÆFUM AF SPÁNI!



(framh. af bls. 2)

Úr starfi Eik(m-l)

1 maílok var dreift dreifiriti í stóru upplagi á flesta meiriháttar vinnustaði í Reykjavík. Voru þar á ferð útskýringar á baráttustöðu vinnandi fólks,stöðunni í kjaramálum og leið baráttunnar í komandi kjarasamningum. Fundur var haldinn 30.maí. - mættu þar aðeins 1 -15 manns. Var ákveðið að reyna [illegible] gegn forystuliði Dagsbrúnar á útifundi félagsins og boða framhaldsfund með Dagsbrúnarfélögum um málefni félagsins. Ekki sýndu margir Dagsbrúnarfélagar þessu áhuga,en fundur var þó haldinn. Fólk reifaði þar hugmyndir um skipulagningu baráttunnar gegn stéttasamvinnu verkalýðsforystunnar.

- - - - - - - - - -

1 júníbyrjun beitti EIK(m-l) sér fyrir því að haldinn yrði baráttufundur á vegum Baráttusamtaka launafólks á Akureyri. Um 150 manns sóttu útifund þennan,í tilefni komandi kjarasamninga.

- - - - - - - - - -

Snemma í júní hélt Akureyrardeild EIK(m-l) opinn fund til kynningar kjarasamningsamtakanna. Formaður EIK(m-l),Ari T.Guðmundssson flutti framsögu og félagar svöruðu fyrirspurnum. Arnar Jónsson leikari las upp og fluttir voru baráttusöngvar. Um 25 manns sóttu fundinn.

- - - - - - - - - -

1 júlí sóttu þrír fulltrúar EIK(m-l) alþjóðlegar sumarbúðir marx-leníníista í Noregi. Þar komu saman félagar frá norrænu bræðrasamtökum EIK(m-l) þ.á.m. frá Færeyjum (Oggjaframi m-l) og Finnlandi (MLR) - og svo félagar frá "Rote Garde" flokksins (KPDm-l) ásamt samherjum frá October League(m-l) - samtökum bandarískra marx-leníníista.

- - - - - - - - - -

1 júlí tók Reykjavíkurdeild EIK(m-l) á leigu um 80 m² húsnæði að Skólastræti 3b í Reykjavík. Er nú unnið við að koma þar upp skrifstofu og fundarhúsnæði fyrir EIK(m-l),VERKALÝÐSBLAÐIÐ og OKTÓBER-forlagið ásamt bóksölu.

- - - - - - - - - -

1 ágústbyrjun sóttu tveir fulltrúar EIK(m-l) sumarmót KSML í boði miðstjórnar KSML. Umræðuefnið var baráttuaðferð við stofnun kommúnistaflokks. Tókst ráðstefnan vel að öðru leiti en því að umræður skorti,m.a.sakir þess að hætta varð ráðstefnuhaldi degi fyrr en áætlað var vegna veðurs.

- - - - - - - - - -

Dagana 12,13 og 14 ágúst hélt EIK(m-l) sumarráðstefnu á Siglufirði.
Umræðuefnið var: Sósíalheimsvaldastefnan og auðhyggja Sovétríkjanna.
Stéttaafstæður á Íslandi.
Ráðstefnuna sóttu gestir frá Kommúnistaflokki verkamanna í Noregi,AKP(m-l),stuðningsfólk EIK(m-l) og nokkrir félagar KSML, auk félaga EIK(m-l).
Ráðstefnan fór hið besta fram í alla staði,vönduð menningarvaka var flutt. Framsöguræður og umræður tókust eins og best var kosið.
Niðurstöður ráðstefnunnar munu birtast í RAUÐLIÐANUM - fræðilega málgagni EIK(m-l).

DAGblaðið - AFTURHALD

Nýr fjölmiðill hefur bæst í safn afturhaldsins.
Morgunblaðið,Vísir,Vikan,Úrval, Eimreiðin,Sjávarfréttir,Frjáls verslun,Íþróttablaðið - og Dagblaðið.

Innbyrðis átök innan borgarastéttarinnar breyta litlu um áhrifamátt útgáfuefnisins.
Vert er að taka eftir hlálegri tilraun aðstandenda Vísis við að reyna að hylja rætur nýja blaðsins.
"Frjálst,óháð dagblað" - heitir þetta. Milljóna rekstrarfé,fullkomin auglýsingasambönd,dreifingar- og áskriftarkerfi,fjármunir til að senda fréttaritara til Evrópu o.s.frv. - allt þetta sent af himnum ofan fullskapað - en með orðum Dagblaðsins heitir það að vera "óháður öllum hagsmunaöflum".
Þetta er álíka hlálegt og barátta Þjóðviljans fyrir "skoðanafrelsi" og "frelsi fjölmiðla",þegar þess er gætt að blaðið birti ekki fréttatilkynningu EIK(m-l) um landhelgisfund 11.9. en gat þess í blaðinu daginn eftir að "ýmsir hefðu hringt til blaðsins og spurt hvort einhverjir hugsuðu sér ekki til hreyfings í mótmælaskyni þennan dag"!

Um miðjan september skipulagði EIK(m-l) mótmælastöðu á Lækjartorgi í Reykjavík vegna samningaviðræðna við Breta.
Kjörorðin voru: ENGA SAMNINGA UM VEIÐIHEIMILDIR.
TIL BARÁTTU GEGN INNLENDRI OG ERLENDRI RÁNYRKJU.
KSML gátu ekki tekið þátt í aðgerðinni þar eð afstaða þeirra til málsins var enn í mótun.
Þrátt fyrir að enginn fjölmiðill nema útvarp birti fréttatilkynningu EIK(m-l),sóttu um 50 manns fundinn í illu veðri. Dreifiriti var dreift í um 1500 eintökum og samþykkt mótmælaályktun er var afhent í Ráðherrabústað.

- - - - - - - - - -

1 lok september tók EIK(m-l) þátt í mótmælafundi vegna dauðadómanna á Spáni til stuðnings baráttu spænskrar alþýðu.(Sjá annarstaðar í blaðinu.)

- -

Framkvæmdanefnd AKP (m-l) í Noregi:

STYÐJUM ÍSLAND GEGN ÓGNUNUM BRÉSNEFFS

Forystugrein KLASSEKAMPEN (Stéttabaráttan) 20-28/8, málgagns Kommúnistaflokks verkamanna (m-l) í Noregi, sem er bróðurflokkur EIK(m-l), fjallar um landhelgismálið. Er hér um að ræða ályktun frá Framkvæmdanefnd flokksins. Í ályktuninni segir m.a. "Sósíalheimsvaldasinnar hafa afhent íslensku ríkisstjórninni "mótmæli" vegna útfærslu íslensku fiskveiðilögsögunnar í 200 mílur. Þetta á sér stað samtímis því að Ísland er undir miklum þrýstingi frá öðrum heimsvaldalöndum. "Mótmæli" þessi eru ekkert annað en árás á þjóðlegt sjálfstæði Íslands og á rétt íslendinga til að vera til sem þjóð... Þeir sem ekki vilja samþykkja rétt Íslands til að tryggja tilveru sína eru heimsvaldalöndin með risaveldið Sovétríkin í broddi fylkingar. Brésneff og Co. hafa alla tíð barist gegn yfirráðum Íslands yfir hafinu. Sósíalheimsvaldasinnarnir líta á Norður-Atlandshafið, sem svæði þar sem enginn hefur rétt til að hindra þá í að gera það sem þeir vilja. Hagsmunir þeirra ná lengra en til fiskveiða. Það kom í ljós við hinar geysistóru flotaæfingu í vor, þegar þeir æfðu m.a. hernaðarárás á Ísland, Noreg og önnur lönd í N-Atlandshafi. Risaveldin tvö, Sovétríkin og Bandaríkin eru hinir tveir höfuðfjandar alþýðunnar í heiminum. Með "mótmælum" sínum hafa sósíalheimsvaldasinnarnir enn einu sinni afhjúpað sig sem grimmilegan andstæðing Íslands, Noregs og annarra lítilla norrænna landa. Það er orðið dálæti Brésneffs að ógna smáríkjum. Í júlí var Malta orðið "sérhyggju-smáríki" af því að ríkisstjórn Möltu krafðist þess að risaveldin minnkuðu flota sína í Miðjarðarhafinu. Í ágúst "mótmælin" gegn því að Ísland skuli verja rétt sinn til að vera til. Það er mikilvægt að læra af þessu.... En íslenska þjóðin og vinnandi alþýða á Íslandi hefur aftur og aftur sýnt að hún lætur ekki af baráttu sinni gegn heimsvaldasinnuðum þrýstingi.

Verkalýður, sjómenn, smábændur og menntafólk í Noregi, sem eru tryggir vinir Íslands. Við svörum ógnunum Brésneffs: FULLUR STUÐNINGUR VIÐ BARÁTTU ÍSLANDS FYRIR 200 MÍLUM: SAMSTAÐA MEÐ ÍSLENSKU ALÞÝÐUNNI."!

Þess má geta að Sósíalíski Vinstriflokkurinn (Alþýðubandalagið) í Noregi hefur algerlega þagað um mótmæli Brésneffs og Co. við útfærslu íslensku landhelginnar. Þeim rennur víst blóðið til skyldunnar og þykir best að þegja um "óþægileg" atriði skoðanabræðra sinna.

SPÁNN

Minnumst þeirra!

NIÐUR MEÐ FASISMANN!

Fasismi ríkir á Spáni.
Hann er ekki verk Frankós - heldur sú ríkisgerð sem tekur við af borgaralegu lýðræði þegar auðvald og landeigendur þurfa að stemma stigu við frelsisbaráttu vinnandi alþýðu og verkalýðs.
Gegn fasismanum standa auk spánsks verkalýðs, bændur, þorri smáborgara og margir frjálslyndir borgarar. Verkefni kommúnista og allra framsækinna afla á Spáni er að brjóta ok fasismans og búa byltingarsinnaðri, sósíalískri baráttu sem best skilyrði. Þeir vísa "friðsamlegri" leið Moskvusinna á bug. Við styðjum hvorki þá sem vilja staðnæmast við afnám fasisma og uppbyggingu borgaralegs lýðræðis eingöngu, né heldur trotskista sem hjala um "sósíalíska byltingu" í núverandi þjóðfélagsástandi á Spáni. Fyrst skal fasisminn brotinn og síðan kemur framkvæmd sósíalískrar byltingar. Kommúnistar á Spáni (ekki Moskvilínuflokkurinn) og framsækin samtök hafa myndað and-fasíska og and-heimsvaldasinnaða samfylkingu FRAP á Spáni.

STYÐJUM FRAP!

Smábændur í Noregi í skattaverkfalli

"Við munum aldrei sa, þykkja að vera þrælar í konúngsríkinu Noregi" segja smábændur í Noregi.

Smábændur í Héraðinu Hiltra hófu skattaverkfall gegn ríkisvaldinu, vegna efnahagsstefnu þess gegn smábandum. Verkfallið hefur breiðst út til smábænda víðsvegar um Noreg.

Í bréfi sem bændur í héraðinu Leksvika, þar sem um 180 bændur búa, sendu frá sér undirrituðu af nær öllum bændum sveitarinnar, stendur:

"Við bændur í Leksvika höfum ákveðið að hefja skattaverkfall til að styðja þá sem eru í verkfalli í Hiltra og til að setja afl að baki kröfum okkar. Við látum okkur ekki lengur nægja loforð sem við sjáum aldrei efnd. Þar sem við fáum ekki þann stuðning sem við væntum frá Norsku bændasamtökunum hefjum við sjálfir baráttuna -lið við hlið.

Sífellt oftar fáum við að finna það á sjálfum okkur að við erum

þykkja að vera þrælar í konúngsríkinu Noregi. Við höldum verkfallinu áfram þangað til kröfum okkar hefur verið fullnægt.

Kröfum okkar beinum við til ríkisins."

Bændur á Íslandi, sem stöðugt búa við óöryggi, vegna verðlagspólitíkur ríkisins og einokunarauðvaldsins, ættu að taka norsku smábændurna sér til fyrirmyndar og hefja baráttu gegn þessum sameiginlega fjanda, sem þeir hafa með verkalýðnum. Bændur og vinnandi alþýða bæjanna eru bandamenn í baráttunni gegn dýrtíð auðvaldsins og í baráttunni